

Kynjafræði veturinn 2022-2023

Kynjafræði er þverfagleg grein sem á rætur sínar að rekja til kvennafræðanna, en þar var varpað ljósi á stöðu kvenna í heiminum og sérstaklega reynt að veða upp á móti aldagamalli karllægri slagsíðu vísindanna. Í þessum áfanga er áherslan á kynjafræði út frá félagsvísindalegu sjónarhorni en hægt er að nálgast kynjafræði út frá heimspeki, líffræði, bókmenntafræði og svo mætti lengi telja.

Kynjafræðin er ólík flestum greinum að því leyti að öll höfum við reynslu af því að lifa í kynjuðum veruleika og höfum flest skoðanir sem mótast út frá reynslu okkar það veldur því að Kynjafræðin hefur þá sérstöðu að fáar fræðigreinar eru gagnrýndar jafn mikið.

Nemendur eru hvattir til þess að æfa gagnrýna hugsun gagnrýa og meta það efni sem þeir eru með í höndunum, hvort það styðji eða hreki þeirra eigin skoðanir. Vísindin gefa sjaldnast eitt rétt lokasvar og virka þannig að réttustu niðurstöður eru ríkjandi á hverjum tíma þar til sannara kemur í ljós.

Þau skrif sem má finna í kennsluefninu sem notað verður eru þær niðurstöður sem eru ríkjandi í kynjafræðinni á þeim tíma sem það er skrifað. Mjög líklega koma fram nýjar upplýsingar á næstu misserum sem breyta sýn okkar á einhver af þeim efnum sem eru hér til umfjöllunar. En þar til það gerist er þetta vonandi efni sem gefur lesendum ágætis sýn á kynjafræði eins og hún er í dag.

Fyrirkomulag kennslu

Það er einn staðtími á viku og hinir tveir tímarnir eru fjartímar.

Þá tíma sem nemendur mæta er ætlast til að þeir séu undirbúnir og taki þátt í umræðum eða verkefnavinnu, nemendur eru hvattir til að koma með innlegg eða hugmyndir að efni sem hægt er að taka fyrir.

Nemendur vinna verkefni í fjartímunum sem er lestur á efni, svara spurningum, horfa á efni eða annað sem lagt er fyrir í hverjum miðvikudagstíma. Nemendur skila yfirleitt stuttri leshugleiðingu yfir það efni sem verið er að skoða hverju sinni. Leshugleiðing er ekki endursögn á efninu heldur eitthvað sem kemur upp í hugann hjá ykkur við það að skoða og lesa efnið, getur verið reynsla, vísun í frétt, þælingar eða annað. Leshugleiðingin er mjög opin og á að sýna að þið hafið lesið og þælt í efninu. Leshugleiðing er um 100-300 orð, fer eftir því hvað þið viljið segja mikið hverju sinni.

Þetta er í fyrsta skipti sem kynjafræði er kennd við skólann og óskað er eftir athugasemdum eða tillögum frá nemendum um hvað mætti gera betur og taka fyrir.

Kennsluefni:

Kynjafræði fyrir byrjendur. Höf: Björk Þorgeirsdóttir og Þórður Kristinsson

Vefbok.is

Kaupa áskrift í eitt ár.

Annað efni frá kennara, myndir, texti, ljósrit, fréttir og svo framvegis.

Símatsáfangi

Nemendur skila verkefnum jafnt og þétt yfir veturinn, leshugleiðingum, verkefnum, tímaverkefnum og fleiru (30%)

Tvö próf (30%, 15% hvert) (eitt á haustönn og eitt á vorönn)

Könnun, nemendur vinna saman að könnun sem tengist kynjafræði (hópverkefni) (15%)

Fyrirlestur (einstaklingsverkefni) (20%)

Hugleiðing um fyrirlestra annarra (5%)

Annað ef við á og fá nemendur upplýsingar í tíma ef það á við.